

**Það er bara ein foking regla og það er að negla!**  
***Greinargerð um uppistand og lífið***

Ólöf Magnúsdóttir  
Kennitala 0703835519

Lokaverkefni til MA-gráðu í Hagnýtri menningarmiðlun  
Leiðbeinandi: Kristinn Schram  
Aðstoðarleiðbeinandi: Þorsteinn Guðmundsson

Sagnfræði og heimspekideild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
Janúar 2017

Það er bara ein fokking regla og það er að negla!

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í Hagnýtri menningarmiðlun  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Ólöf Magnúsdóttir, 2017

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2017

## Útdráttur

Uppistand er listgrein en það er líka áhugaverð miðlunarleið. Það er ógnvekjandi að ætla að takast á við hrátt og lifandi listform og stíga þannig sjálfur inn í hlutverk listamannsins. Uppistandarinn horfir á samfélagið sitt og finnur þörf fyrir að tjá sig um það og þar er sköpunarþörfin drífandi afl. Í þessu verkefni setur fræðimaðurinn sig í spor uppistandara og skoðar miðlunarleiðina uppistand og lífið sjálft frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Það er vel hægt að nýta uppistand til þess að miðla hverskonar efni. Það gæti til að mynda komið sér vel í kennslu og þegar unnið er með erfið og flókin málefni. Það kom ánægjulega á óvart hvað samfélag uppistandara er þétt en á sama tíma opið fyrir nýjum aðilum og hvað uppistandarar eru viljugir til að deila reynslu sinni og þekkingu með nýliðum. Uppistand er kraftmikill miðill sem gefur tækifæri á því að snúa samfélagssumræðum, atburðum og rótgrónum hugmyndum á hvolf og skoða frá nýju sjónarhorni í skjóli þess að þetta sé allt bara grín.

Stand up is an art form and at the same time an interesting form of media. It is really a frightening thought to step into the role of the artist and deal with the raw and alive art form of comedy. The stand-up comedian looks at the society and his environment and feels the need to express himself, the driving force is his own creativity. In this thesis, the scholar puts himself in the stand-up comedian shoes and explores the media form of stand up and life itself from many different perspectives. It is possible to us stand-up to share any content. It could come in handy in teaching and when dealing with difficult and complex issues. It came as a pleasant surprise how the community of stand-up comedians sticks together, but at the same time were open to new members. Stand-up is a powerful media that provides opportunity to look at social debates, events and old notions with different perspective under the assumption that it is only a joke.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	3
Inngangur.....	4
Fræðilegur grundvöllur.....	5
Sjálfskoðun og miðlun.....	12
Ferlið, ferðalag án áfangastaðar.....	14
Sjálfið á sviðinu.....	15
Efnistöð.....	17
Uppistand.....	19
Niðurstöður.....	24
Heimildir.....	25

## Formáli

Þegar ég hóf nám í Hagnýtri menningarmiðlun haustið 2015 lofaði ég sjálfri mér hátíðlega að ég ætlaði að gera sem fæst persónuleg verkefni og að ég myndi alls ekki gera persónulegt lokaverkefni. Ég hafði á vormánuðum sama ár skirfað BA ritgerð í Þjóðfræði sem fjallaði um heimafæðingar. Þá hafði ég sjálf fætt barn heima og efnið mér því einstaklega hugleikið og mikilvægt, sú nálægð við efnið gerði vinnuna við ritgerðina sérstaklega átakanlega. En allt kom fyrir ekki og nú stend ég frammi fyrir lokaverkerfini sem er eins persónulegt og hugsast getur. Áhuginn á uppistandi er margþættur, hluta af áhuganum má rekja til þjóðfræðinnar þar sem þjóðfræðingar velta gjarna fyrir sér virkni og tilgangi hómors en áhuginn er líka tengdur gríðarlegri tjáningarþörf sem enn hefur ekki fundið sér ásættanlegan farveg. Það er eitthvað sem heillar við það að taka sér míkrafón í hönd og miðla menningunni eins og ég sé hana frá mínum bæjardyrum, á sama tíma og það fyllir mig skelfingu. Sjálfspáttökrannsóknir heilla, jafnvel þó að þær reyni töluvert öðrvísi á þolrifin en margar aðrar rannsóknir.

Ég hefði aldrei tekið mér þetta verkefni fyrir hendur ef ekki hefði verið fyrir áskorun frá kennara, Ármann H Gunnarsson leggur sig fram við að ögra nemendum sínum og þvinga þá til að hugsa út fyrir boxið, sem er ómetanlegt. Þannig gefst öllum færi á að læra eitthvað alveg nýtt. Leiðbeinendum mínum þeim Kristni Schram og Þorsteini Guðmundssyni vil ég færa sérstakar þakkir, takk fyrir að hafa trú á verkefninu, takk fyrir að gefast ekki upp á mér þegar ég var alveg að gefast upp sjálf. Pétri Húna Björnssyni vil ég þakka fyrir yfirlesturinn, það er dýrmætt að eiga góða vini sem rétta fram hjálparhönd á réttu augnabliki. Systur mínar í Jaðarmiðlun fá þakkir fyrir að vera til og nenna enn að tala við mig eftir þessa önn. Elsku synir mínir þrír, ég veit að þetta var erfið önn, mamma lofar að núna verða aftur til hreinar nærbuxur og sokkar og já nú getum við spilað! Axel, þú ert náttúruafl, það er aldrei logn í kringum þig. Elsku besta mamma mín þú ert traustasti klettur í veröldinni, takk fyrir að hugsa um börnin mín á meðan ég eltist við drauma.

## Inngangur

Í þessu verkefni verður uppistand skoðað og prófað sem miðlunarleið. Verkefnið er í stórum dráttum tvíþætt, annarsvegar er um að ræða þátttökurannsókn á uppistandi þar uppistand er skoðað sem miðlunarleið og hinsvegar sjálfs-etnógrafíurannsókn á lífi fræðimannsins sem miðlað verður í gegnum miðlunarleiðina uppistand. Leitað var í fræðilega nálgun þjóðfræðinnar á borð við sviðslistafræði og húmorsrannsóknir en einnig var leitað í fræðilegan rannsóknartexta, tekið var viðtal við uppistandara ásamt aragrúa af óformlegum samtölum. Þar að auki var leitast við að nýta sér öll þau tækifæri sem nýir uppistandarar hafa til að æfa sig, þróa listformið og koma sér á framfæri. Þar ber að nefna opin kvöld og framhaldsnámskeið í uppistandi. Hversdagslegar áskoranir í lífi fræðimannsins stýrðu töluverðu í vali á efnistökom en sjálfsetnógrafían og hugmyndir um framsetningu sjálfsins gengu á tímabili ansi nærri geðheilsu fræðimannsins, þó að flest bendi til þess að það hafi blessast að lokum.

Með skýrslunni fylgja upptökur af þremur atrennum til uppistands og í skýrslunni er fjallað um upplifunina og hvaða lærdóm má draga af reynslunni. Að lokum er dregnar ályktanir um það hvort uppistand sé miðlunarleið og ef svo er hvernig miðlunarleið uppistand er og hvernig hægt að að nýta uppistand til þess að miðla upplýsingum og menningarefni.

## Fræðilegur grundvöllur

Uppistand er stórkostlega heillandi listgrein þar sem einstaklingur stígur berskjaldaður upp á svið og segir eitthvað fyndið. Elliott Oring segir að eitthvað sé fyndið þegar það er í viðeigandi ósamræmi við það sem hann kallar handrit samfélagsins. Við þekkjum handrit samfélagsins, við lifum í samfélaginu og meðtökum handritið ósjálfrátt. Handritið segir okkur t.d. hvað er eðlileg hegðun fyrir kött en þegar köttur fer að hegða sér eins og maður eða hundur þá er það í ósamræmi við handritið og þá er það fyndið (Oring, 1992). Það er líka fyndið í hina áttina, maður sem hegðar sér eins og köttur er líka fyndinn. Humorsfræði Orings og annarra fræðimanna eru af margvíslegum toga: þau greina t.d. af hverju fólk hlær, hvaða skilaboð hlátur sendir og hvaða efnafræðilegu áhrif hlátur hefur á líkamann. Hér er þó einblínt á uppistand sem miðlunarleið og mikilvægara að einbeita sér að því hvað uppistand er fremur en að fara í málalengingar um það hvað sé og sé ekki fyndið, enda er það síbreytilegt.

Þó er ágætt að hafa í huga að samhengi skiptir máli þegar kemur að húmor og uppistandarinn þarf að rýna inn í sál samfélagsins og skynja ósamræmið. Atvinnutæki uppistandararns og tákngervi hans er stakur míkrófónn á standi. Einn stakur míkrófónn á sviði og kastljós augnabliksins. Uppistandarinn stendur einn á sviði. Hann stendur einn andspænis áhorfendum og vopn hans er röddin, hugurinn og augnablikið. Terry Gunnell segir uppistand náteingt sagnamennsku og munnlegri hefð. Sagnamaður umbreytir rými og flytur hlustendur úr raunveruleikanum og inn í sagnaheiminn. Í sagnaheiminum er það sem sagnamaðurinn segir raunverulegt og áhorfendur verða þátttakendur í þessum nýja raunveruleika, því það er virkni mill þess sem er á sviði og þeirra sem hlusta. Uppistand hefur þessa sömu eiginleika, það breytir rýminu þannig að uppistandarinn fær frelsi til að tjá sig og áhorfendur gefa endurgjöf í formi hláturs, þagnar eða reiði og hafa þannig áhrif á það sem gerist á sviðinu. Uppistandið getur breyst eftir tíðarandanum í samfélaginu og stemmingunni í salnum hverju sinni. Nálægð uppistandarans við hlustendur og einlægnin sem skapast þegar rýmið umbreytist gerir það að verkum að uppistandarinn hefur tækifæri til að takast á við og tala um flókin og vandræðaleg málefni með því að skipta vandræðalegheitum eða reiði hlustenda út fyrir hlátur, hlustendur hlægja saman að veikleikum mannsins sem dregur úr spennunni og fær fólk

til að hugsa. Þannig hafa uppistandara haft áhrif t.d í réttindabaráttu svartra, dregið úr hatri í garð samkynhneigðar og hreyft við úreltum hugmyndum um kyn og hlutverk kynjanna (Gunnell, e.d.).

Uppistandaranum liggur eitthvað á hjarta og hann er kominn upp á svið til að miðla sínu sjónarhorni á ákveðið efni, miðla ákveðinni menningu. Málefnið sem brenna á uppistandaranum geta verið margvísleg, það fer allt eftir uppistandaranum og bakgrunni hans. Hvernig uppistandara nota þetta augnablik og aðstæður er mjög mismunandi, sumir velja að segja einfalda fimmaurabrandara á meðan aðrir takast á við erfiða lífsreynslu eða nota tækifærið til að gagnrýna samfélagið, þetta þarf ekki að vera merkilegt en það má alveg vera það. Þó ber að hafa í huga að samfélög og fólk eru alltaf að þróast og breitanst, það sem var ögrandi fyrir tíu árum þykir ekkert sérstaklega örgrandi í dag og það passar heldur ekki að mæta í Ekkert er heilagt, það má tala um hvað sem er í uppistandi en sameigninlega markmiðið er að framkalla hlátur. Hlátur er magnað fyrirbæri sem er í senn ánægulegt og spennulosandi fyrir áhorfendur en einnig mjög valdeflandi fyrir uppstandarann. Það er einhver magnaður kraftur í því að kalla fram líkamleg viðbrögð hjá stórum hópi fólks bara með því að segja eitthvað fyndið.

Uppistand er ekki leiklist en það er sviðslist. Sviðslist er raunverulegur þáttur í öllu daglega lífi okkar. Fólk setur sig í mörg og ólík hlutverk alla dag. Við erum í ákveðnum hlutverkum í einkalífinu, öðrum í atvinnulífinu, enn öðrum í vinahópnum, skólanum, stórfjölskyldunni og svo fram eftir götunum. Við erum í sífellu að setja einhverja útgáfu af persónu okkar á svið (Schechner, 2013). Við erum ekki endilega meðvituð um þessa sviðsetningu á sjálfinu enda virðist þessi sviðsetning vera fremur ósjálfráð en það sama á ekki við þegar raunverulegt svið kemur inn í myndina. Það getur verið mjög ógnvekjandi að stíga upp á svið en mörgum finnst tilhugsunin um að stíga á svið fyrir framan annað fólk, fyrir framan dæmandi augnaráð annarra, skelfileg. Hjartslátturinn rýkur upp, röddin fer að titra, sjónsviðið þrengist og hugsanirnar streyma í gegnum hugann á ljóshraða eða hreinlega hverfa með öllu og einstaklingurinn stendur eftir á sviðinu sveittur í lófunum og man ekkert sem hann ætlaði að segja. Fólk stígur á svið í ólíkum tilgangi, stundum vitum við að sá sem stígur á sviðið er leikari í hlutverki en stundum vitum við að sá sem þar stendur er að flytja fyrirlestur og við lítum á ræðu hans



sem sannleika því hann talar í krafti embættis eða sem sérfræðingur á einhverju sviði. Svið eru bæði valdeflandi og ógnvekjandi fyrir þá sem á þeim standa. Hinsvegar eru einhverjir galdrar fólgrir í leiklistinni og því hvernig leikritið getur gjörbreytt öllu umhverfinu, bara af því að það er leikrit (Schechner, 2013, bls. 170–175).

Uppistand er því hvorki leiklist né fyrirlestur en það hefur eiginleika beggja. Sviðsmyndin í kringum uppistand er mjög afslöppuð og á að vera það. Sviðið er hrátt og uppistandara eru mjög oft klæddir í afslappanað og hversdagslegan fatnað. Allri umgjörðinni er ætlað að segja áhorfendum að hér séu engar reglur um háttvísi eða þrúðmannlega framkomu. Hér kemur fólk til dyrana eins og það er klætt og segir hlutina eins og þeir eru. Félagsfræðingurinn Erving Goffman fjallaði um það hvernig sjálfið er sett á svið. Sviðslist er mjög stór partur af því hvernig einstaklingar hegða sér og hefur meðal annars áhrif á fatnað, framkomu og líkamsbeitningu. Goffman talaði um að við æfðum okkur í hlutverkunum áður en þau væru sett á svið en við æfum okkur líka með því að horfa á aðra og læra af þeim. Þegar einstaklingarnir svo takast á við ólík verkefni þá er viðeigandi sjálf sett á svið, flugstjórinn fer í einkennisfatnaðinn og reynir að sýna styrk og fagmennsku út á við svo farþegarnir treysti honum, sjónvarpsþulurinn setur sig í hlutverk þess sem er andlit sjóvarpsins út á við og svo fram eftir götunum. Það er ekki þar með sagt að fólk sé að setja falska mynd á svið, alls ekki. Einstaklingar hafa mörgum hlutverkum að gegna og setja upp ákveðna sviðslist sem hentar hverju hlutverki fyrir sig (Goffman, 1959).

Það er því engin tilviljun að uppistandarar eru oft hversdagslega klæddir eða að umgjörðin sé afslöppuð, það er allt partur af sögunni sem verið er að segja. Útlit, framkoma og hegðun uppistandarans á sviðinu gefur áhorfendum góða hugmynd um það á hvern verið er að horfa. Áhorfendurnir lesa í tákni sem uppistandarinn sendir frá sér með útliti sínu en svo er það í höndum uppistandarans hvernig hann notar það sem hann setur á svið, hvort að hann hegðar sér í samræmi eða í ósamræmi við sviðslistina. Góðir uppistandara þróa með sér tækni, töluvert meiri tækni en áhorfendur gera sér grein fyrir, og galdurinn í tækninni er að hún er ósýnileg. Meira að segja þeir sem virðast hafa mikla náttúruhæfileika hafa þróað með sér tækni hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. En jafnvel þó að fólk sé mjög reynt þá er ekki hægt að skrifa og æfa efni

fyrirfram og hoppa með það upp á svið og vera viss um að efnið virki. Það þarf að prófa efnið og læra af mistökum. Þú flytur efnið aftur og aftur og efnið er alltaf að breytast og þróast og þá endar það stundum þannig að það sem virtist í upphafi vera lélegustu brandarnarir eru orðnir besta efnið á meðan það sem taldist vera besta efnið en löngu horfið út settinu (Bergur Ebbs, 2016a) Það er heldur engin tilviljun að bakgrunnur sviðsins er gjarnan hrár veggur, hrár af því að það vísar meðal annars til þess að vera utandyra. Að uppistandið sé frjálst, það sé ekki rammað inn af veggjum. Það þarf ekki að nota inniröddina í uppistandi, við segjum börnum að haga sér vel innandyra en að fara út til að vera með læti. Umgjörðin í kringum uppistand undirstrikar að það má vera með læti og það þarf ekki að fara eftir reglunum. Uppistand hefur líka töfra leikhússins; sviðsumgjörðin, afslappað yfirbragðið og einlægni uppistandarans verða til þess andrúmsloftið verður mjög sérstakt og það skapast einstakur trúnaður milli þess sem stendur á sviðinu og þeirra sem eru komnir til að hlusta.

Uppistand er töfrastund. Ef vel tekst til myndast ákveðinn trúnaður og uppistandarinn fær aukið tjáningarfrelsi. Hann getur sagt meira í þessum aðstæðum en hægt væri að réttlæta í öðrum miðlum og hann kemst upp með það, af því að þetta er grín. Þessum sérstaka trúnaði og tjáningarfrelsi er þó ógnað með t.d snjallsímum, sem veldur því að auðvelt er að mynda það sem fram fer í augnablikinu og dreifa því út á samfélagsmiðla eða aðra miðla sem breytir samhenginu. Miðlunarleiðin skiptir máli. Efni sem hægt er að fjalla um í uppistandi passar ekki endilega í aðra miðla eða þarf allavega stundum að vera meðhöndlað á annan máta. Þetta er auðvitað ekki algilt, uppistönd eru oft tekin upp og send út í sjónvarpi eða öðrum miðlum, en það skiptir máli að uppistandarinn sé meðvitaður um upptökuna og samþykku henni. Aðrar miðlunarleiðir hafa ekki þetta augnablik trúnaðar og ný miðlunarleið, hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða sjónvarpi breytir samhenginu og því hvernig hægt er að túlka það sem sagt er. Undir þetta tekur uppistandarinn Bergur Ebbs:

„Það eru mörg lög af tjáningarfrelsi, ég er að tjá mig á mörgum sviðum, ég er með pistla, podcast og svo framvegis en ég vil helst að þegar ég er á sviði að fólk sé bara ekkert með símana upp að þetta sé bara okkar stund og það er aðeins meiri friður og ég vil ekki að það sem ég segi hér verði einhver forsíða á DV á morgun. Við höfum öll gott af því að menn og konur komist upp á svið og hafi aðeins meira rými. Hinsvegar átta ég mig á því að ef ég skrifa pistil í Fréttablaðið sem er allt öðrvísi miðill, fyrir allt öðrvísi áhorfendahóp og á prenti þá

þarf það að vera tónað niður. Það er bara minna tjáningarfrelsi en á móti kemur að það hefur kosti í aðrar áttir. Það hefur að mörgu leyti meiri slagkraft. Maður þarf bara að átta sig á því hvar maður er hverju sinni“ (Bergur Ebbi, 2016a)

En sé horft fram hjá þessari ógn þá eru þáttakendurnir í töfrastund uppistandsins komir á þennan stað til þess að hlusta, hlæja og vera þátttakendur í óhefluðu samtali. Uppistandarinn er ekki í hlutverki eins og leikarinn en hann tekur sér stöðu einstaklings sem lætur hlutina flakka eins og hann sér þá. En hann er vissulega í mörgum tilfellum dálítið mikið ýkt útgáfa af sjálfum sér.

Uppistand er listgrein en það er líka áhugaverð miðlunarleið. Það væri mikið einfaldara að kalla uppistand hrjúfa og ómerkilega hversdagsafþreyingu því það er ógnvekjandi að ætla að takast á við hrátt og lifandi listform og stíga þannig sjálfur inn í hlutverk listamannsins. En ég held að það sé ekki hægt að horfa framhjá því að þetta er listform, uppistandarinn horfir á samfélagið sitt og finnur þörf fyrir að tjá sig um það og þar er sköpunarþörfin drífandi afl. Bergur Ebbi sagði á Twitter „Uppistand er alþýðulist. Þar eru engin verðlaun veitt. Allir eru dæmdir af jafningjum. Þar hefur forskot á aðrar listir og það forskot mun aukast (Bergur Ebbi, 2016b). Þetta vakti áhuga minn og því hafði ég samband við Berg Ebba og bað hann um að útskýra hvað vakti fyrir honum. Bergur Ebbi er meðlimur í *Mið-Íslandi* sem er einn þekktasti uppistandshópur landsins og er því í raun einn af guðfeðrum þeirrar blómlegu uppistandssenu sem Íslendingar fá að njóta um þessar mundir. Í hans huga er uppistand ekki háð því að áhrifavaldhafar innan ákveðina listgreina veiti henni viðurkenningu eða samþykki, líkt og t.d þekkest í kvikmynda og tónlistariðnaðinum. Einnig bendir hann á að hversdagsmenning sé að sækja í sig veðrið, að almenningur leiti í sífellt meira mæli í hversdagslegan sannleik hjá jafningjum frekar en að sækja þekkingu til aðila með opinberlega viðurkenda þekkingu. Því megi líta svo á að auknar vinsældir uppistands tengist því að traust til stofnana í samfélaginu fer þverrandi og almenningur óski eftir því að heyra sannleikann frá jafningjum (Bergur Ebbi, 2016a).

Þessar hugmyndir ríma ágætlega við hugmyndir Monicu Taylor og Lesley Coia um vald í kennslustofum en þær eru báðar kennarar og femínistar sem hafa verið að skoða hvað gerist í kennslustofum þegar kennarinn fjarlægir sig úr valdahlutverki þess sem hefur þekkinguna og stjórnina og gefur nemendum tækifæri til að hafa áhrif á námsefnið

og túlka það út frá sinni persónulegu reynslu og þekkingu. Þeirra niðurstaða er að það gefi námsefninu meiri dýpt og að nemendurnir eflist og séu virkari þátttakendur (Tidwell & Fitzgerald, 2006). Þekking, skoðanir, reynsla og afþreying verður nú sífelld aðgengilegri og fólk sækist í auknum mæli eftir því að fá upplýsingar á jafningjagrundvelli og hefur úr breiðari afþreyingu að velja nú en áður hefur þekkt. Möguleikarnir til þess að miðla og móttaka miðlun eru gríðarlega fjölbreyttir og eru alltaf að verða aðgengilegri. Hvort sem það er uppistandari, snapchatari, bloggari, youtubari eða podcastari þá er um að ræða einstaklinga sem nýta einfaldar miðlunarleiðir með lítilli yfirbyggingu til þess ná eyrum þeirra sem hafa áhuga á að hlusta. Ef einhver hefur rödd og eitthvað til málanna að leggja sem á sér hljómgrunn í samfélaginu eru möguleikarnir á því að ná til móttækilegra áheyranda töluvert meiri en þegar það þurfti að sannfæra valdhafa í samfélaginu um að fá að komast að ljósvakanum eða prentvélunum. Þessir aðilar hafa því aðeins meira frelsi en þeir sem starfa á hefðbundum ljósvakamiðlum.

Sem vekur þá upp vangaveltur um ábyrgð uppistandara á því sem þeir segja og hvort það sé hægt að ætlast til þess að uppistandarar biðjist afsökunnar á því sem þeir segja í uppistandi. Teo Bugbee skrifaði grein í *The Daily Beast* árið 2015 þar sem hún gagnrýnir þrýsting um afsökunarbeiðni sem uppistandarnn Amy Schumer varð fyrir vegna brandara. Brandarinn sem þótti afsökunarbeiðnar virði snérist um það að Amy væri hætt að sofa hjá körlum frá rómönsku Ameríku því hún væri nú orðið meira fyrir kynlíf með samþykki. Brandarinn þótti rasískur því hann vísaði til þess að karlar frá rómönsku Ameríku væru líklegir til að beita kynferðisofbeldi í samböndum. Shumer brást við gagnrýninni með því að birta á Twitter færslu þar sem hún sagðist hafa verið að grínast en það fannst Bugbee vera rangt því Shumer er listamaður sem er að vaxa og þroskast í sinni listgrein og eigi ekki að þurfa að verja það sem hún segir í uppistandi (Bugbee, 2015). Bergur Ebbs sagðist ekki hafa fundið fyrir þörf fyrir að biðjast afsökunar á hlutum sem sagðir eru í uppistandi en það væri eðlilegt og jákvætt ef grín skapaði umræður í samfélaginu en afsökunarbeiðni er ekki endilega besta leiðin til þess að ljúka málum og það er mikill samhugur hjá uppistöndurum um að verja rétt þeirra til þess að fjalla um hvað sem er. Uppistandarinn þarf að vera frjálst til þess að geta talað frjálst (Bergur Ebbs, 2016a). En ef uppistandarar hafa leyfi til að að segja það sem þeim dettur

í hug án afleiðinga þá geta uppistandarar orðið fremur hættulegur hópur fólks. Sér í lagi ef horft er frá bæjardyrum þeirra sem uppistandarinn gæti gagnrýnt.

Mögulega gera þessar aðstæður það að verkum að það er betra fyrir uppistandara sem ætlar sér að vera samfélagsrýnir að vera óháður. Það gæti orðið erfitt að verða háður valdahöfum, líkt og stofnunum sem verða fyrir gagnrýni. Uppistandari sem rýnir í samfélagið er því að taka vissa áhættu, hvað varðar fjárhagslegt öryggi sitt og sinna nánustu, hann er því mjög berskjaldaður. Ég get varla ímyndað mér aðstæður þar sem listamaður væri dæmdur jafn hart og uppistandari sem stendur andspænis þögninni í fullum sal af fólki. En að sama skapi get ég ekki gert mér í hugarlund aðstæður sem gefa jafn valdeflandi endrgjöf og vel lukkað grín sem vekur hlátur. Sigurtilfinningin sem fylgir því að segja góðan brandara sem er framkallar líkamleg viðbrögð hjá fullum sal af fólki hefur mjög sérstakakt aðdráttarafl.

## Sjálfskoðun og miðlun

Í *Hagnýtri menningarmiðlun* er leitast við að finna aðgengilegar leiðir til þess að miðla rannsóknum og menningarefni á fjölbreyttan og aðgengilegan máta. Í náminu eru nemendur hvattir til þess að skoða sem flestar leiðir til þess að miðla efni en töluverð áhrersla er lögð á að vera með á nótunum hvað nýjungar og þróun varðar, nemendur hafa meðal annars skoðað miðlun í um samfélagsmiðla eins og snappchat og youtube í bland við margskonar miðlun á borð við myndbandsmiðlun, prentmiðlun, sýningargerð og útvörpun, svo eitthvað sé nefnt. Þá skoða nemendur mismunandi aðferðir til þess að forma og móta efni svo það henti ólíkum miðlunarleiðum, en sama efni má miðla á mjög fjölbreyttan máta. Hversvegna ég valdi uppistand virðist við fyrstu sýn vera tilviljunum háð en við frekari skoðun er sú ákvörðun frekar eðlilegt framhald af fremur löngu ferli. Áður en ég hóf framhaldsnám í *Hagnýtri menningarmiðlun* lauk ég grunnnámi í þjóðfræði en í því námi sat ég námskeið um bæði sviðslistafræði og húmor en í báðum námskeiðunum skoðaði ég uppistand að einhverju leyti. Þegar ég útskrifaðist gaf eiginmaður minn mér námskeið í uppistandi hjá Þorsteini Guðmundssyni sem seinna varð fagleiðbeinandi við þetta verkefni. Námskeiðið var mjög áhugavert og skemmtilegt en átti aldrei að vera annað en ánægjulegt tilbreyting frá hversdagslífinu, tilraun til að víkka sjóndeildarhringinn og hafa ástæðu til að skreppa að heiman stöku sinnum. En af því að ég er þriggja barna móðir í háskólanámi þá notaði ég tækifærið og sló tvær flugur í einu höggi með því að gera stutta heimildarmynd um upplifun mína af námskeiðinu. Það var svo út frá því sem Ármann Gunnarson kennari í náminu benti mér á þann möguleika að skoða uppistand sem lokaverkefni, hugmynd sem mér fannst pínulítið fjarstæðukend í fyrstu en of góð og sniðug til þess að hunsa. Ég notaði svo sumarið til þess að finna ástæður til þess að gera verkefni um eitthvað annað en þessi hugmynd var og er bara of góð til þess að hunsa.

Mér fannst tilvalið að nýta bakgrunn úr þjóðfræði og rannsókanaraðferðir sem þar tíðkast til að kynnast uppistandi sem miðlunarleið, á sama tíma og ég nýti þjóðfræðilegan hugsunarhátt til þess að rannsaka samfélag mitt í samhengi við persónulega lífsreynslu mína til þess að skapa efni eða niðurstöður til að miðla í gegnum uppistand. Rannsóknaraðferð verkefnisins byggir að hluta til á viðtalsrannsóknum en er

öðrum þræði sjálfs-etnógráfía (e. *autoethnography*) sem er nátengd og í raun blanda af sjálfsævisögu (e. *autobiography*) og etnógráfíu (e. *ethnography*). Etnógráfía eru vettvangsrannsókir þar sem rannsakandinn tekur þátt í athöfnum hópa eða einstaklinga til þess að kynna viðfangsefninu í gegnum þátttöku. Rannsakandinn myndar tengsl við viðmælendur og tekur þátt í daglegum athöfnum eða þeim viðfangsefnum sem verið er að skoða hverju sinni. Þetta gerði ég með því að mæta á opin uppistandskvöld og spjalla við aðra sem voru þar í sömu sporum, einnig reyndi ég fyrir mér sem skemmtikraftur á jólahlaðborði og tók þátt í framhaldsnámskeiði í uppistandi sem var í formi vinnustofu. Í gegnum ferlið heldur rannsakandinn greinagóðar dagbækur. Ég skráði hjá mér vettvangsnótur með hugleiðingum um umhverfið og ráðleggingar sem ég fékk, þar að auki gerði ég tilraunir með myndbandsdagbækur þar sem ég æfði mig. Með slíkum aðferðum safnar rannsakandinn gögnum og efnivið til frekari túlkunnar (Emerson, Fretz, & Shaw, 2011). Sá sem vinnur sjálfs-etnógráfíu blandar þar að auki sínum persónulegu upplifunum og reynslu saman við etnógráfíuna. Hann nýtir minningar og reynslu til þess að fá dýpri nálgun á efniviðinn, rétt eins og sá sem skrifar sjálfsævisögu. Þegar rannsakendur skoða samfélagsleg fyrirbæri og persónulega reynslu frá sjónarhóli sem þessum er leitast við að draga saman sem víðtækastar upplýsingar. Þannig er persónuleg saga rannsakandans skoðuð í samhengi við samfélagið (Ellis, Adams, & Bochner, 2010). Þannig nýtti ég minn reynsluheim til þess að skapa efnivið fyrir uppistandið og finna söguna sem ég vildi segja af íslenskri konu á fertugsaldri sem er allt í senn móðir, dóttir, eiginkona, námsmaður, kjósandi, fyrirmynd, húsmóðir, vinkona, tengdadóttir, landsbyggðarbarn, manneskja og skuldari. Hluti af ferlinu er að reyna að sjá hin mörgu lög samfélagsins og hvernig samfélagið og reynsluheimur hvers og eins mótar persónulega upplifun einstaklinga. Í því samhengi er reynt að draga saman marglaga lýsingu hvort sem er á persónulegu lífi einstaklings eða aðstæðum í samfélögum hverju sinni. Þannig er reynt að taka tillit til eins margra innri og ytri þátt sem geta haft áhrif á einstaklinga og upplifun þeirra og mögulegt er þannig er hægt að gera betri túlkun á því viðfangsefni sem fjallað er um (Geertz, 1973). Í þessu tilfelli er markmiðið að skoða og prófa uppistand sem miðlunarleið. Ég mun því ekki birt niðurstöður þessarar rannsóknar í fræðilegum texta að öðru leyti en því sem birtist hér

Í þessari skýrslu heldur verður markmið verkefnisins að miðla niðurstöðum í gegnum miðlunarleiðina uppistand.

## Ferlið, ferðalag án áfangastaðar

Í upphafi þessa verkefnis var gerð verkáætlun og ég var sannfærð um að ég vissi alveg hvað ég ætlaði að gera, það stóðst ekki, sem hefur verið bæði blessun og bölvun. Bölvun af því að það eru bölvuð vandræði að skipta um skoðun og þurfa að endurmeta stöðuna en blessun af því þetta hefði verið frekar leiðinlegt ef ég hefði vitað allt fyrir fram og ekki þurft að læra neitt nýtt.

	Vika 38	Vika 39	Vika 40	Vika 41	Vika 42	Vika 43	Vika 44	Vika 45	Vika 46	Vika 47	Vika 48	Vika 49	Vika 50	Vika 51	Vika 52	Vika 1	Vika 2
	September		Október				Nóvember			Desember			Janúar				
Finna leiðbeinanda																	
Gróf efnistöð																	
Gantrít																	
Finna dagsetningu																	
Finna staðsetningu																	
Fundur með K&P																	
Lesi fræðigreinar																	
Lesi (Elliot Orming)																	
Lesi (Sviðslistafraði)																	
Eitt uppistand á dag																	
Samsætt handrit																	
Æfa æfa æfa																	
Lokaskýrsla																	

*Verkáætlun fyrir lokaverkefni um uppistand.*

Verkáætlun gerði ráð fyrir því að fyrstu tveir mánuðirnir færu í að vinna gróf efnistöð fyrir uppistand og áhorf á fjölbreytt uppistand, samhliða þessu væru síðan lesnar viðeigandi fræðigreinar og síðan yrði skrifað handrit að uppistandi sem yrði æft í þaula eins og leikrit og svo yrðu herlegheitin sett á svið í síðasta lagi í byrjun desember. Að lokum yrði rituð greinargóð skýrsla um verkefnið, löngu fyrir síðasta skiladag. Raunveruleikinn var óskipulagðari, dramatískari og töluvert átakanlegri en áætlunin gerði ráð fyrir, raunar hefur þetta verkefni verið mikið flóknara og erfiðara en ég hefði nokkurntíman getað gert mér í hugarlund. Þegar ég lagði af stað í ferðalagið sá ég fyrir mér fjóra mánuði af þægilegri og skemmtilegri hugmyndavinnu með léttum akademískum þælingum sem kæmu saman í ánægjulegu kvöldi þar sem ég myndi hoppa upp á svið og segja nokkrar léttar en vel ígrundaðar skrýtlur við mikinn fögnuð vina og ættingja. Þetta átti að vera svo einfalt, þetta átti að vera svo skemmtilegt. Raunin reyndist vera allt önnur. Verkefnið reyndist mér gríðarlega erfitt en átökin innra með



mér hafa verið lamandi á köflum. Ég reyndist hafa mikinn metnað fyrir því að gera þetta vel en á sama tíma fannst mér ég algjörlega vanhæf til þess að klára þetta sómasamlega. Ég hef mjög mikla trú á uppistandi sem miðlunarleið en þörfin fyrir að gera þessari hugmynd góð skil hefur orðið þess valdandi að ég hef eytt síðustu mánuðum meira og minna skelfingu lostin. Ég hef heldur aldrei verið jafn ófyndin og síðustu mánuði, mögulega af því að ég ósjálfrátt gerði tilraun til þess að greina hverja einustu hugsun sem flaug í gegnum kollinn á mér. Sem var töluvert þvingandi þegar kom að því að reyna að semja brandara. Því það er eins með köttinn og brandarann, hann deyr um leið og hann er krufinn (Oring, 1992).

### Sjálfið á sviðinu

Hugmyndir Erving Goffmans um sviðsetningu á sjálfinu þvældust töluvert fyrir mér þegar kom að því að átta sig á því hvaða sjálf Ólöf er í uppistandi. Það hefði verið mikið einfaldara að velja þeim ekkert fyrir sér en verandi meðvituð um þær komst ég ekki hjá því að skoða hvaða sjálf ég set á svið og hvort ég hefði yfir höfuð nokkuð fram að færa. Ég þrufti að skoða hin mörgu hlutverk sem ég set á svið á degi hverjum. En það kom mér á óvart hvað þessi ólíku hlutverk virkuðu þvingand þegar ég var að reyna að setja saman uppistandið. Ólíkar hliðar sjálfsins höfðu frá ólíkum hlutum að segja en á saman tíma hafði eitt sjálf þörf fyrir að tala um hluti sem annað sjálf gat engan vegin talað um án þess að finna til blygðunar, sem varð ekki til þess að draga úr sjálfsefanum (Goffman, 1959).

Samtalið við Berg Ebba var mjög áhugavert en þar ræddum við meðal annars um uppistand í tengslum við vald og frelsi en hann lagði áherslu á hversu mikilvægt það er fyrir uppistandara að hafa frelsi til þess að tjá sig og nýta hið aukna tjáningarfrelsi sem fæst í uppistandi (Bergur Ebba, 2016a). Slíkt frelsi getur bæði átt við frelsi til þess að tjá sig án þess að verða fyrir utanaðkomandi þrýstingi eins og atvinnutapi eða félagslegri útskúfun en það getur einnig átt við frelsið innra með hverjum einstaklingi. Þvinganir sem við setjum sjálfum okkur í sviðsetningu sjálfsins geta einnig verið hamlandi þegar kemur að því að tjá skoðanir sínar eða fara með uppistand. Á mínum herðum hvíla margar skuldbindingar, ég er móðir og hef ákveðnar samfélagslega mótaðar skoðanir á

Því hvernig sviðslist þess hlutverks á að fara fram, ég er ekki viss um að hlutverk óheflaðs uppistandara sem þræðir ölstofur bæjarins í þeim tilgangi að fara með gamanmál samræmist þeim hugmyndum sem ég hef um móðurhlutverkið. Ég hef þörf fyrir að vera til fyrirmyndar fyrir börnin mín, mér ber til að mynda skylda til þess að verja einkalíf þeirra og ég efast um rétt minn til þess að gera mér mat úr tilveru þeirra ef það skaðar þau á einhvern hátt. Börnunum mínum ber skylda til þess að ganga í skóla, get ég gagnrýnt menntakerfið sem börnin mín eru hluti af eða gert gert grín að bómullarvæðingu barnauppeldis án þess að það hafi afleiðingar. Ef ég er gagnrýnin þá er ég ekki hafin yfir gagnrýni sjálf. Ef ég gagnrýni regluverkið, munu þá handhafar regluverksins gagnrýna mig sem foreldri? Þetta fannst mér verulega ógnvekjandi og hafði miklar áhyggjur af því hvort að ég gæti talað um börnin mín en það væri gríðaleg fölsun á lífi mínu að tala ekki um stærsta og flóknasta verkefni lífs míns. Ég ræddi þetta við uppistandara sem hvöttu mig til þess að tala um foreldrahlutverkið og þá sérstaklega hversu flókið það hlutverk er og hversu leiðinleg blessuð börnin geta verið. Það er reynsla sem ég hef fram yfir marga aðra, þó ég sé langt frá því að vera eina foreldrið í þessum uppistandsheimi. Þetta fannst mér mjög áhugavert og komst að þeirri niðurstöðu að ég þyrfti að tala um foreldrahlutverkið.

Það þvældist fyrir mér að vera dóttir, síðan ég óx upp úr verstu unglिंगaveikinni hef ég sýnt foreldrum mínum ákveðið sjálf. Þessi hlið er ekki fölsk á nokkurn hátt, ég fel ekki skapgerðarbresti mína, leti eða frekju, en þeim hefur verið hlíft við mörgum hliðum þess að vaxa úr grasi og verða fullorðin kona. Blekkingarleikurinn er einfaldur en hann gengur út á það að börnin mín þrjú hafi ég fengið frá storkinum og þaðan hafi ég sjálf og bræður mínir komið líka. Þessi blekkingarleikur var ekki meðvituð ákvörðun en þetta er kærkomin veruleikafirring fyrir alla. Get ég þá talað í uppistandi um kynorku og kynferðislegar þarfir án þess að það ruggi bátnum óþarflega mikið? Ég vil vera sönn, segja sannar sögur eða allavega sögur með sannleiksgildi, þó þær séu ýktar. Fjalla um harmleikinn sem lífið er eins og ég sé hann frá frá mínum bæjardyrum og tala um foreldrahlutverkið og allar þær persónulegu hindranir sem fylgja því flókna verkefni. En líklega er þetta allt spurning um að taka ákvörðun og standa við hana. Þegar öllu er á botninn hvolft þá neyðist ég til þess að taka það í sátt að ég, rétt eins og allir aðrir, hef

margar ólíkar hliðar en í þeim tilgangi að forma sjálf til að setja á svið í uppistandi ákvað ég að grátbroslegustu stundir lífs míns tengjast lífi mínu sem þriggjabarna úthverfahúsmóður í dramatísku hjónabandi og því var ekki annað í stöðunni en að taka það sjálf í sátt og gefa því tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Hvað útlit, klæðaburð og hegðun varðar þá voru ekki gerðar stórkostlegar breytingar. Engin ný föt voru keypt né farið í útlitsmótandi aðgerðir; úthverfahúsmóðirin klæddi sig í sinn einkennisbúning líkt og hún gerir alla daga. Þykkar svartar sokkabuxur, svo það sjáist ekki að hún hefur ekki fundið rakvél til að raka leggina í marga mánuði, og víður einfaldur kjóll með síðum ermum sem hylur aflagaðan mömmukroppinn sem passar ekki lengur í buxur. Þessi einkennisbúningur er öruggur; sú sem honum klæðist er eins og kamelljón, aldrei áberandi, aldrei óviðeigandi og alltaf viðbúin. Varnarskjöldinn hefur hún svo ávallt í töskunni og ber á sig þegar á þarf að halda. Það veður enginn yfir konu með rauðan varalit.

## Efnistöð

Margir ólíkir hópar hafa meðvitað og ómeðvitað notað uppistand til þess að fjalla um óréttlæti og ranghugmyndir. Vissulega er stundum deilt um hvort að slíkt uppistand skili raunverulegum árangri en ég kys að trúa því að dropinn holi steininn og að það þurfi marga dropa úr ólíkum áttum til þess að knýja fram breytingar. Ég hef alla tíð þjáðst af ríkri réttlætiskennd og lítilli sjálfstjórn, sem er ein leið til að lýsa því hvað ég get orðið brjáluð yfir hlutum sem fara í taugarnar á mér og mér finnast óréttlátir. Ég veit ekki hvort það segir meira um mig eða tengdaföður minn að hann hafði eitt sinn samband við mig eftir að hann sá myndina um Georg Bjarnfreðarson til þess að segja mér hvað við værum líkir karakterar. Ég hafði þá í fjölskylduboði lesið honum, verkstjóranum, pistilinn um mikilvægi verkalýðsbaráttunnar og viðringarleysi hans gagnvart fórnnum fyrri kynslóða. Vinkona mín sem býr á landsbyggðinni hafði einnig samband við mig nýlega en þá hafði hún fengið nágrannakonu mína úr Grafarvoginum í kaffi. Konan, sem er á sextugsaldri, hafði þá lýst mér með fyrirlitningarsvip sem „svona kvennréttindakonu“. Innt eftir því hvað fælist í því að vera kvennréttindakona voru svörin á þá leið að synir mínir væru alltaf í fjólubláu og grænu en aldrei í bláu eða svörtu og svo væru þeir með sítt hár. Já,

mér fallast stundum hendur. Það væri sjálfsagt auðveldara að fljóta sofandi að feigðarósi, fullkomnlega ómeðvituð um tilveruna í kringum sig. En það eru ekki spilin sem mér voru gefin. Ég hugsa að ég myndi hreinlega springa ef ég finndi ekki leið til þess að koma þessum baráttuhug í gagnlegan farveg.

Kröfur sem gerðar eru til mæðra og mæður gera til sjálfra sín eru mjög mikilar og oft á tíðum óraunhæfar. Ég þekki mjög fáar mæður sem ekki eru þjakaðar af samviskubiti. Ég held stundum að samviskubit mæðra sé einn helsti drifkraftur samfélagsins og það hreyfir við réttlætiskendinni. Það er aldrei augnablik þar sem ég hef ekki á tilfinningunni að ég sé að vanrækja einhver af hlutverkum mínum. Ef ég er heima að sinna börnunum hef ég samviskubit yfir náminu og ef ég er í skólanum þá finnst mér ég vera að vanrækja börnin, hjónabandið eða heimilið. Veruleikinn, þar sem konum er ætlað að sveipa alla líkamsstarfsemi kvenlíkamans dulúð, er niðurlægjandi og krafan um dulúð er partur af kúgun kvenna. Reðurtákn eru allt um kring og eru tákn styrkleika og reisnar á meðan enn er deilt um það hvort það sé í lagi að segja píka, hvort að það sé yfir höfuð til orð yfir kynfæri kvenna sem ekki er á einhvern hátt niðurlægjandi. Þær breytingar sem verða á líkómum kvenna við meðgöngu og fæðingu eru óæskilegar og óaðlaðandi en á sama tíma fjallar heimspressan um aðlaðandi pabbakroppa. Það er að mínu viti löngu komin tími til að fagna mömmukroppinum.

Efnistöð mín í uppistandi hafa því verið af þessum toga og innblásin af raunveruleika mínum. Ég hef því meðal annars fjallað um það hversu erfitt það er að vera uppalandi, um kröfurnar sem gerðar eru til kvenna hvað varðar útlit þeirra og ekki síður útlit heimilisins, álagið sem fylgir því að reka heimili í neyslusamfélagi, tabúin í kringum barnsburð og streituna sem fylgir því að reyna að halda hjónabandi heilbrigðu í veröld þar sem aldrei er friður. Ég þarf að segja minn sannleika og fjalla um þær áskoranir sem ég stend frammi fyrir hverju sinni. Uppistand þarf að endurspegla samfélagið og þau málefni sem eru í brennidepli hverju sinni, það þurfa ekki endilega að vera stór og flókin málefni enda þvælast litlu atriðin oft jafn mikið fyrir okkur. Það gengur ekki upp að vera með uppistand árið 2017 með efni sem hefði verið ögrandi fyrir tíu eða tuttugu árum. Ég get ekki verið ögrandi uppistandari og bara sagt brandara sem hefðu farið vel á sumargleðinni með Ómari Ragnars og Ragga Bjarna fyrir áratugum síðan. Uppistandari í

dag lifir á öðrum tímum með aðrar áskoranir og því þarf efnið að vera í takt við þann tíðaranda og þau samfélagslegu málefni sem eru í deigluinni hverju sinni (Bugbee, 2015). Þó að vissulega séu mörg málefni sígild, líkt og samskipti innan hjónabands, ástin, kynlíf, barneignir og svo framvegis, en það er breytilegt eftir tíðaranda hvernig við nálgumst þessi efni. Fyrir nokkrum áratugum þótti til að mynda mjög ögrandi að fjalla um samkynheigð í uppistandi en í dag er mjög eðlilegt að fjalla um samkynhneigð í uppistandi þá vikkar sjóndeildarhringurinn og uppistandið fer að kafa í önnur blæbrigði lífsins.

## Uppistand

Það þýðir ekkert að æfa sig endalaust fyrir framan spegilinn, uppistand er ekki uppistand ef það er enginn til að hlusta eða hlægja. Ég var að reyna að telja í mig kjark í bílnum þegar lagið *Það er bara ein fokking regla og það er að negla* eftir xxx *Rottweilerhunda* hljómaði í útvarpinu. Og eins kjánalega og það nú hljómar þá veitti það mér innblástur: það var bara eitt í stöðunni og það var að láta vaða. Það skemmdi heldur ekki fyrir að meðlimir hljómsveitarinnar eru á svipuðum aldri og ég sem dró úr áhyggjum mínum um að ég væri orðin of gömul fyrir svona rugl. Með þessari skýrslu fylgja myndbandsupptök af þremur mismundandi uppistandstilraunum. Þessum myndbönd verður einnig hægt að nálgast á youtuberás sem ber nafnið: HMMolof. Myndböndin eru tekin upp á síma í myrkri og eru myndgæðin eftir því, ég hafði aðgang að betri upptökuvélum og stóð til boða aðstoð frá mér reyndari aðilum við að ná sem bestum myndgæðum en valdi að þiggja ekki slíka aðstoð. Ég tel að stærri myndavél myndi breyta stemmingunni og andrúmsloftinu. Uppistand er fyrst og fremst miðlun sem fer fram í augnablikinu, þó að uppistand sé vissulega oft tekið upp og unnið sem sjónvarpsefni þá á það ekki við um æfingar og tilraunir óreyndra uppistandara. Því fannst mér fara betur á því að taka upp síma svo lítið bæri á.

Fyrsta uppistandstilraunin var 7. nóvember á Gauknum. Þar er *open mic* á ensku alla mánudaga (sjá mynddisk). Gaukurinn afslappaður skemmtistaður í miðbæ Reykjavíkur og þar er að skapast hefð fyrir *open mic* kvöldum. Klósettin á Gauknum eru ekki kynjaskipt, þau eru fyrir alla óháð kyni eða kyngerfi sem undirstrikar að þetta er umhverfi án fordóma. Það kemur mér því ekki á óvart að uppistandarar hafi valið að

gera sig heimakomna á þessum bar. Bylgja Babýlons og Johnatan Duffy (Jono) sem bæði eru reyndir og hæfileikaríkir uppistandarar tóku vel á móti mér en ég hafði haft samband við Bylgju í gegnum Facebook til að spyrja hvar ég kæmist í opinn míkrafón. Í sannleika sagt þá fraus ég á sviðinu. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem ég tala á ensku fyrir framan fólk en þetta var í fyrsta skipti sem ég reyni að vera fyndin á ensku. Ég var óörugg með efnistöð, hjartslátturinn rauk upp og varð svo hávær að ég heyrði varla í sjálfri mér. Í örvæntingu bunaði ég út öllum pönslínunum, fékk nokkur fliss frá salnum og rauk út af sviðinu eftir örfáar mínútur. Það var þegar ég kom niður af sviðinu sem ég fékk fyrstu vísbendinguna um hversu áhugavert, jákvætt og samheldið samfélag uppistandara er. Það var engin meðvirkni eða aumingjagæska þegar ég kom af sviðinu, ég fékk jákvæði viðbrögð í formi knjúkaklessu (e. *fistbump*) og staðfestingu á því að ég hefði ekki *bombað* algerlega en það væri sannarlega rými til að bæta sig. *Að bomba* er atvinnuslangur en sá sem *bombar* á ekki gott kvöld, nær ekki sambandi við salinn og er ekki fyndinn. Það getur verið mjög erfitt fyrir sjálftraustið að *bomba* og það er það versta sem uppistandarar lenda í en er þó eitthvað sem flestir lenda í á einhverjum tímapunkti.

Svo voru mér sagðar reynslusögur, ég var búin að fara upp á svið og reyna og því hægt að byrja að kynna mig fyrir þekkingu samfélagsins. Robert McCarl notaði hugtakið „*canin of work technique*“ þegar hann fjallaði um þá ganglegum tækniþekkingu og hefðir sem skapast í vinnuumhverfi og er viðhaldið af þeim sem eru meðlimir í hópnum (McCarl, Robert, 1990). Þetta á ágætlega við þekkingu og hefðir uppistandssamfélagsins. Bæði Bylgja og Jono sögðu að það mætti toga meira úr efninu mínu og ég mætti alveg vera með málalengingar. Þau bentu mér einnig á að það litla sem ég talaði um börnin mín hefði vakið áhuga þeirra og þau hvöttu mig til að skoða það enn frekar því það veitti mér sérstöðu. Ég veit að fjölskyldulíf mitt er mjög áhugavert en ég hef átt erfitt með að réttlæta það að brjóta trúnað við einkalíf barnana minna með því að gera grín að ástandinu. Seinna ræddi ég þessar vangaveltur við leiðbeinanda minn Þorstein Guðmundsson en ég hafði áhyggjur af valdaójafnvægi ef ég gerði grín að börnunum mínum, því þau hefðu ekki tækifæri til að verja sig. Niðurstaðan var að ég get gert grín að móðurhlutverkinu og þeim vandræðum sem það skapar mér án þess að gera lítið úr varnarlausum einstaklingum. Annað sem vakti áhuga minn þetta kvöld voru þælingar

Jono um munin á uppistandi á íslensku og ensku en hann segir að uppistand á íslensku snúist meira um orð og orðagríni en enskt uppistand snúist meira um það sem gerist í þögninni. Mér fannst eftir að ég prufaði að gera þetta á ensku að líklega passar mér betur að grínast á íslensku. Ég hef mjög gaman að skrítnum orðum og hef sérstalega gaman að því að nota venjuleg orð á skríttinn hátt. Hinsvegar væri mjög gaman að reyna að búa til gott efni fyrir ensku líka en ég held að ég muni ekki gera mikið af því núna í þessu ferli. En það er reynsla mín að það sé greinilega góð stemning og samheldni innan íslensku uppistandssenunnar.

Lagt var til annarar atrennu við uppistand 20. nóvember, einnig á Gauknum (sjá mynddisk). Að þessu sinni var um íslenskt uppistandskvöld að ræða svo ég var aðeins afslappaðari, þekkti staðinn og kannaðist við nokkra af uppistöndurunum. Ég var búin að móta betur hvað mig langaði að fjalla um og búin að taka þemað/efnið: úthverfahúsmóðurina, í sátt. Uppistandið gekk ágætlega, mér leið aðeins betur á sviðinu en hjartslátturinn var enn eins og dúndrandi bassi í eyrunum á mér. Þegar ég steig af sviðinu var ég sátt, þetta var ekkert meistaraverk en ég varð mér ekki til skammar. Aftur fékk ég þær jákvæðu fréttir að ég hefði ekki bombað og að það hefðu verið góðar þælingar í efninu mínu. Í hléinu og þegar allir höfðu lokið sér af sköpuðust skemmtilegar umræður og greinilega léttur andi yfir hópnum. Þegar ég deildi með þeim að ég væri að vinna þetta verkefni og að uppistandið mitt væri hluti af verkefninu urðu umræðurnar mjög áhugaverðar en þar bar hæst pirringur vegna blaðagreinar eða gagnrýni sem fór fyrir brjóstið á mörgum. Gagnrýnandi hafði mætt á byrjendakvöld í uppistandi og gagnrýnt efnistöð og uppistandarana á sviðpaðan hátt og ef um leikhúsgagnrýni hefði verið að ræða en það fannst þeim mjög óeðlilegt og ósanngjarnt. Það væri kannski í lagi að gagnrýna atvinnumannasýningu en það væri alls ekki viðeigandi að rífa niður byrjendur. Segja má að samræður og frásagnir í tækifærum sem þessum myndi tækifæri til að deila reynslu og jafnvel fá útrás fyrir erfiðar tilfinningar sem uppistandarar upplifa.

Í leit minn að öðrum tækifærum til að stíga á stökk bauðst mér að skemmta í jólagleðskap hjá leikskóla í Hafnarfirði 25. nóvember. Þegar ég mætti á svæðið kom fljótlega í ljós að hljóðkerfið á svæðinu væri bilað og ég gæti ekki notað hljóðnema. Það breytti umgjörðinni í kringum uppistandið töluvert mikið en hljóðneminn er lykilatriði.

Þetta kvöld stóð ég því í þvögu af borðum umkringd léttölvuðum leikskólakennurum og sagði þeim gamansögur af fæðingum, blóði og öðrum viðbjóði. Þetta var mjög áhugavert og ég lít svo á að þetta hafi verið hálfgerð eldskírn því allt sem hefði getað farið úrskeiðis fór úrskeiðis en ég lifði þetta af og þær hlógu. Þar sem að ég hafði ekki hljóðnema þurfti ég að bíða eftir því að hláturinn kláraðist áður en ég gat hafið raust mína að nýju sem var góð æfing í þögnum sem er mjög gagnlegt í uppistandi og ég fékk líka tækifæri í því að takast á við frammíallara (e. *heckler*) sem eru einstaklingar sem grípa frammí fyrir uppistöndurum og reyna að rugla í þeim. Þar sem að sviðsmyndin var röng í þessu tilfelli, ég var ekki á sviði heldur stóð hjá þeim og ekki með hljóðnema, þá varð nálgunin meira eins og spjall og þær töluðu við mig allan tímann og rökræddu brandarana og efuðust um sannleiksgildi þeirra. Ég kom mér í gegnum efnið og lifandi út úr húsinu en vissi ekki alveg hvernig þetta hefði gengið eða hvað mér ætti að finnast. Eftir á að hyggja held ég að þetta hafi gert mér meira gott en illt og staðfesti fyrir mér að „það er bara ein fokking regla og það er að negla!“ sem er það er það eina sem dugar í uppistandi, rétt á meðan þú stendur á sviðinu þá verður þú að hafa trú á því sem þú ert að gera og láta vaða.

Í framhaldi af þessu varð ég dálítið áttavilt og vissi satt best að segja ekki hvað ég ætti að gera næst. Verkáætlunin gerði ráð fyrir að ég myndi halda einkasýningu í desember með spennandi efni og miklu fjöri en það var eitthvað sem gerði það að verkum að ég bókaði ekki sal eða stað fyrir slíka sýningu og gat ómögulega valið dagsetningu. Það var eitthvað þvingað og óþeðlegt við það sem sat illa í mér. Ég var búin að læra svo margt á mjög stuttum tíma en ég var ekki komin með nægilega mikla þjálfun og færni til þess að halda uppi einkasýningu, ég skynjaði að ég var ekki komin með nægilegt vald á tækninni sem Bergur Ebba talaði um (Bergur Ebba, 2016a). Mér fannst ég ekki vera búin að vinna mér inn nægilega mikinn trúverðuleika til þess að standa ein. Ég var mjög hrifin af andrúmsloftinu og stemmingunni sem hafði verið á kvöldunum tveimur á Gauknum og mér fannst það svo eðlilegt. Þar var galdur í loftinu og þangað kom fólk til þess að hlusta á uppistand, bara til að hlusta á uppistand. Andrúmsloftið var spennuþrungið og það varð umbreyting á raunveruleikanum líkt og hjá sagnamönnunum forðum (Gunnell, e.d.).



Ég sá ekki fyrir mér að ég gæti framkallað þannig galdur ein með sjálfri mér. Kannski yrðu allir ættingjar mínir og vinir mjög meðvirkir og þá væru þeir bara að hlægja til að hlægja, það yrði alltaf eitthvað skrítið og vandræðalega sjálfhverft. Uppistandarar eru vissulega stundum dálítið sjálfhverfir en það tengist mikið frekar sjálfshæðni en sjálfsupphafningu. Þessar áhyggjur voru við það að splundra jólagleði fjölskyldunnar þegar svarið birtist eins og björgunarhringur í tölvupósthólfinu mínu: Framhaldsnámskeið í uppistandi skyldi haldið strax á nýju ári þar sem grínistar gætu unnið saman í vinnuhópum og haldið sýningar. Það var sem ég hefði himin höndum tekið. Þetta var einmitt það sem þurfti. Samfélag, stemming, staður og stund. Ég mætti því 6. Janúar í kjallarann á skemmtistaðnum *Græna herberginu* ásamt tíu öðrum grínistum. Á dagskránni voru tvö æfingakvöld þar sem við skoðuðum efni hvers annars og rökræddum efnistösk og æfðum okkur. Þann 11. janúar héldum við svo í sameiningu uppstandskvöld á sama stað. Hópurinn sá sjálfur um að auglýsa og bjóða gestum á viðburðinn sem tókst ágætlega og salurinn var þétt setinn. *Græna herbergið* er áhugaverður staður fyrir uppistand, það er frekar stutt síðan skemmtistaðurinn opnaði en saga húsnæðisins skapar áhugaverða umgjörð fyrir uppistand en síðasti rekstaraðili í rýminu rak þar erótískan súlustað en fólk ræddi það sín á milli að það vottaði enn fyrir aðdráttarafli þess forboðna þegar gengið er niður í dimman kjallarann, jafnvel þó miklar endurbætur hafi verið gerðar á húsnæðinu.

Ég fann það um leið og ég mætti þetta kvöld að það var eitthvað að fara að gerast, það var spenna í loftinu og orkan var rafmögnuð, salurinn var fullur af fólki og við sem ætluðum að stíga á svið sátum í salnum og drógum að okkur orkuna og stemminguna. Ég átti góða vini í salnum og mér fannst ég umföðmuð jákvæðni og það færðist yfir mig undarleg ró, jafnvel þó ég hefði verið að gera breytingar á efninu mínu fyrr um kvöldið. Ég var önnur á svið eftir hlé og settið gekk mikið betur en ég hefði nokkurn tíman þorað að vona. Hingað til hafði ég alltaf gleymt helmingnum af því sem ég ætlaði að segja en í þetta skiptið var ég róleg, ég naut þess að vera á sviðinu og fannst salurinn taka mér mjög vel, mér fannst meira að segja skemmtilegt að fá framícall og eiga smá spjall við aðila í salnum. Uppistandið lengdist töluvert því að stór hluti af því sem ég sagði spann ég á staðnum sem var skemmtilegt að upplifa (Sjá mynddisk). Eftir þessa reynslu finnst

mér augljóst að uppistand er frábær leið til þess að miðla efni, ef uppistandarinn nær salnum á sitt band. Og nú þegar ég er komin á bragðið hef ég trú á að ég muni halda áfram að nýta þessa leið sem farveg fyrir uppsafnað ergelsi og tjáningarpörf.

## Niðurstöður

Uppistand er kraftmikil og öflug listgrein sem virðist hafa mikinn meðbryr í íslensku menningarsamfélagi um þessar mundir. En uppistand er einnig mjög áhugaverð og krefjandi miðlunarleið. Þegar uppistand tekst vel og uppistandarinn nær beinu sambandi við salinn skapast mögnuð stund þar sem uppistandarinn hefur óskipta athygli áheyrenda og ég leyfi mér að efast um að margar aðrar miðlunarleiðir bjóði upp á jafn sterkt samband milli þess sem miðlar og þeirra sem móttaka. Vegna þess að uppistand er einhverskonar jaðarlistform og tengist gjarnan grófum húmor eða ögrandi yfirlýsingum lýtur það ekki sömum lögmálum og aðrar miðlunarleiðir á borð við prentmiðla og sjónvarp. Hér á landi á að vera tjáningarfrelsi en fólk ber ábyrgð á því sem það skrifar eða segir í opinberri umræðu. Uppistand virðist hinsvegar vera tekið út fyrir sviga þegar kemur að hugmyndum um ábyrgði gagnvart því sem sagt er, það er fyrirfram vitað að sá sem fer með uppistand er að gera grín og það sem hann segir er á jaðri raunveruleikans sem verður til þess að uppistandarinn fær aukið tjáningarfrelsi miðað við það sem þekkist annarstaðar. Hann ber ekki ábyrgð á sama hátt og sá sem skrifar blaðagrein. Þetta gerir uppistand að mjög öflugri leið til að koma á framfæri gangrýni.

Það er vel hægt að nýta uppistand til þess að miðla hverskonar efni. Það gæti til að mynda komið sér vel í kennslu og þegar unnið er með erfið og flókin málefni. Hvort það er skynsamlegt að fara í djúpa sjálfskoðun til þess að finna efnivið til að miðla í gegnum uppistand, á sama tíma og reynt er að nýta fræðilegar aðferðir til þess að greina sjálfið, ætla ég að láta liggja á milli hluta en mér finnst ég hafa verið óþægilega sjálfmeðvituð í þessu ferli. Það kom ánægjulega á óvart hvað samfélag uppistandara er þétt en á sama tíma opið fyrir nýjum aðilum og hvað uppistandarar eru viljugir til að deila reynslu sinni og þekkingu með nýliðum. Uppistand er kraftmikill miðill sem gefur tækifæri á því að snúa samfélagsumræðum, atburðum og rótgrónum hugmyndum á hvolf og skoða frá nýju sjónarhorni í skjóli þess að þetta sé allt bara grín.

## Heimildir

- Bergur Ebbs, B. (2016a, september 11). Bergur Ebbs Benediktsson [Facebook].
- Bergur Ebbs, B. (2016b, október 16). uppstand er alþýðulist. Þar eru engin verðlaun veitt. Allir dæmdir af jafningum. Það hefur forskot á aðrar listir og það forskot mun aukast [microblog]. Sótt af <https://twitter.com/>
- Bugbee, T. (2015, júlí 5). The Persecution of Amy Schumer: Political Correctness and Comedy: The pitchforks have come out against the world's most beloved comedian of the moment. But have we become too PC when it comes to comedy, or is institutional prejudice the issue? *The Daily Beast*. New York, United States. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1702113337/abstract/360A64F6494A45F4PQ/1>
- Ellis, C., Adams, T. E., & Bochner, A. P. (2010). Autoethnography: An Overview. *Forum Qualitative Sozialforschung / Forum: Qualitative Social Research*, 12(1). Sótt af <http://www.qualitative-research.net/index.php/fqs/article/view/1589>
- Emerson, R. M., Fretz, R. I., & Shaw, L. L. (2011). *Writing Ethnographic Fieldnotes, Second Edition* (2 edition). Chicago: University Of Chicago Press.
- Geertz, C. (1973). *Interpretation of Cultures* (Fifth Pr. edition). New York: Basic Books.
- Goffman, E. (1959). *The Presentation of Self in Everyday Life* (1 edition). Anchor.
- Gunnell, T. (e.d.). Stand-ups and storytellers. Sótt af [https://www.academia.edu/30028825/Stand-ups\\_and\\_storytellers](https://www.academia.edu/30028825/Stand-ups_and_storytellers)
- McCarl, Robert. (1990). *Folk Groups and Folklore Genres: An Introduction* (Utah State University Press). Utah: Logan.
- Oring, E. (1992). *Jokes And Their Relations*. Lexington, Ky: University Press of Kentucky.
- Schechner, R. (2013). *Performance Studies: An Introduction* (3 edition). London; New York: Routledge.
- Tidwell, D., & Fitzgerald, L. (Ritstj.). (2006). *Self-Study and Diversity*. Rotterdam: Sense Publishers.